



Samfélagsskýrsla Ósa 2025

Heilbrigður rekstur frá sterkum rótum



Innihald

Heilbrigður rekstur frá sterkum rótum 3

Saman myndum við lífæð heilbrigðis 4

Samfélagsuppgjör Ósa 5

Uppgjör stjórnarháttanna fyrir árið 2025

Uppgjör félagslegra þátta fyrir árið 2025

Uppgjör umhverfismála fyrir árið 2025

Umhverfi 11

Umhverfispættir hafa áhrif á heilsu fólks

Umhverfisstefna Ósa og dótturfélaga

Kröfur um umhverfisvitund í virðiskeðjunni

Lágmörkun umhverfisáhrifa við vörustýringu og vörudreifingu

Gæði og örugg dreifing

Vöruhús Parlogis

Skilvirkar flutningsleiðir sem draga úr orkunotkun

Góður árangur í flokkun og endurvinnslu

Vægi umhverfisþátta við val á birgjum og samstarfsaðilum

Áframhaldandi kortlagning á umhverfisþáttum

Niðurstöður útreiknings á kolefnisspori Ósa fyrir árið 2025

Stjórnarhættir 18

Heilbrigðir stjórnarhættir og heilsutengdar áherslur

Heildstæð áhættustjórnun og virkt gæðaeftirlit

Við veljum samstarfsaðila sem samræmast gildum okkar

Siðareglur samstarfsaðila

Fjárfest í mannauði

Heilbrigður jarðvegur fyrir heilsuþætandi starfsemi



Heilbrigður rekstur frá sterkum rótum

Árið 2025 var ár framfara hjá Ósum. Lykilverkefni undanfarinna ára tóku að skila sýnilegum árangri, samhliða frekari þróun og uppbyggingu samstæðunnar.

Áhersla ársins var á að styrkja rekstur og skerpa á starfseminni. Ný svið voru sett á laggirnar til að efla vöruframboð og styðja betur við þróun, þjónustu og daglegan rekstur. Markvisst var unnið að því að auka samvinnu milli félaga þvert á samstæðuna.

Framfarir í nýsköpun og þjónustu endurspegluðu skýra stefnu í átt að bættri heilbrigðisþjónustu. Kynning og innleiðing fjarheilbrigðislausnarinnar Unu markar mikilvægt skref í að auka aðgengi og bregðast við áskorunum í kerfinu. Ósar tóku jafnframt virkan þátt í umræðu um þróun heilbrigðisþjónustu og lögðu sitt af mörkum með miðlun þekkingar og kynningu á nýjum lausnum og meðferðum.

Stjórnarhættir og ábyrgur rekstur voru áfram í forgrunni. Unnið var að því að styrkja upplýsingaöryggi, móta stefnu um notkun gervigreindar og skerpa á stefnumótun og samskiptum innan samstæðunnar, meðal annars með samræmingu á vörumerkjum og skýrari framsetningu þeirra. Áfram var lögð áhersla á gagnsæi, gæði og traust í samskiptum við hagaðila, sem og góðan árangur í jafnréttis- og jafnlaunamálum.


Umhverfismál voru sambætt rekstrinum með markvissum hætti. Unnið var að því að draga úr umhverfisáhrifum í allri virðiskeðjunni, bæta yfirsýn yfir kolefnisspor og efla flokkun og endurvinnslu. Jafnframt voru gerðar auknar kröfur til samstarfsaðila og unnið að því að efla vitund innan samstæðunnar um tengsl umhverfis, heilsu og ábyrgra starfshátta.

Samfélagsskýrsla Ósa fyrir árið 2025 gefur innsýn í þessa vegferð, þar sem heilbrigður rekstur, ábyrgir stjórnarhættir og markviss umhverfisvinna mynda grunn að áframhaldandi vexti og verðmætasköpun fyrir samfélagið.

Saman myndum við lífæð heilbrigðis

Ósar stuðlar að bættri heilsu og vellíðan landsmanna með öflugu framboði lyfja, lækningatækja, rekstrarvara og heilsueflandi vara ásamt víðtækri vörustjórnunar- og dreifingarþjónustu.

Með yfirgripsmikilli reynslu og þekkingu starfsfólks, öflugu framboði lyfja, lækningatækja, rekstrarvara og heilsueflandi vara og víðtækri vörustjórnunar- og dreifingarþjónustu, vinnum við markvisst að því að þjónusta heilbrigðisgeirann, auka lífsgæði einstaklinga og stuðla að bættu heilsu og vellíðan landsmanna.



Samfélagsuppgjör Ósa

Hjá Ósum er sjálfbær þróun stöðug vegferð sem kallar á heildarsýn og langtímahugsun. Uppgjör okkar sýnir niðurstöður og þróun þriggja meginþátta UFS sjálfbærnimælikvarðans á gagnsæjan og samanburðarhæfan hátt.



Umhverfi



Stjórnarhættir



Samfélag



Uppgjör stjórnarhátta fyrir árið 2025

		Icepharma	Parlogis	Ósar samstæðan
Vísir	Mælikvarði	2025	2025	2025
G1	Kynjahlutfall í stjórn			
	Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla)	33%	33%	50%
	Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla)	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
G2	Óháði stjórnar	535	1,35%	
	Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
	Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum	33%	33%	50%
G3	Kaupaukar			
	Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	Nei	Nei	Nei
G4	Kjarasamningar			
	Hlutfall starfsfólks fyrirtækja sem fellur undir almenna kjarasamninga	100%	100%	100%
G5	Siðareglur birgja			
	Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
	Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglum, í prósentum?	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
G6	Siðferði og aðgerðir gegn spillingu			
	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðir gegn spillingu? Já/Nei	Já	Já	Já
	Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafslisins þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	100%	100%	100%
G7	Persónuvernd			
	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd? Já/Nei	Já	Já	Já
	Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? Já/Nei	Já	Já	Já
G8	Sjálfbærnisráðsla			
	Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærnisráðslu? Já/Nei	Já	Já	Já
	Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei	Já	Já	Já
G9	Starfsvenjur við upplýsingagjöf			
	Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? Já/Nei	Já	Já	Já
	Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? Já/Nei	Já	Já	Já
	Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP? Já/Nei	Já	Já	Já
G10	Gögn tekin út/sannreynd af þriðja aðila			
	Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila? Já/Nei	Já	Já	Já

Uppgjör félagslegra þátta fyrir árið 2025

		Icepharma	Parlogis	Ósar samstæðan
Vísir	Mælikvarði	2025	2025	2025
S1	Launahlutfall forstjóra			
	Hlutfall heildar launagreiðslu forstjóra og miðgildis heildar-launagreiðsla starfsmanna í fullu starfi	**	**	**
	Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu í skýrslugjöf til yfirvalda? Já/Nei	Nei	Nei	Nei
S2	Launamunur kynja			
	Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna	1,0	0,9	1,0
S3	Starfsmannavelta			
	Árleg breyting starfsfólks í fullu starfi, í prósentum *allt starfsfólk - ekki gerður greinamunur á fullu starfi og lægra starfshlutfalli	22%	26%	22%
	Árleg breyting starfsfólks í hlutastarfi, í prósentum	**	**	**
	Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa, í prósentum	á.e.v	á.e.v	á.e.v
S4	Kynjafjölbreytni			
	Kynjahlutfall innan fyrirtækisins, í prósentum (karlar)	32%	50%	39%
	Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan, í prósentum (stjórnendur)	**	**	**
	Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum (karlar)	40%	40%	50%
S5	Hlutfall tímabundinna starfskrafta			
	Prósentu starfsfólks í hlutastarfi	4%	5%	4%
	Prósentu þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf	0%	0%	0%
S6	Aðgerð gegn mismunun			
	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? Já/Nei	Já	Já	Já
S7	Vinnuslysatiðni			
	Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafslsins í prósentum	**	**	**
S8	Hnattræn heilsa og öryggi			
	Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi? Já/Nei	Já	Já	Já
S9	Barna- og nauðungarvinna			
	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu? Já/Nei	Já	Já	Já
	Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? Já/Nei	Já	Já	Já
S10	Mannréttindi			
	Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu? Já/Nei	Já	Já	Já

** Ekki tekið saman.

Uppgjör umhverfismála fyrir árið 2025

			Icepharma	Parlogis	Ósar samstæðan
Vísir	Mælikvarði	Eining	2025	2025	2025
E1	Losun gróðurhúsalofttegunda				
	Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 1 (ef við á)	tCO ₂ íg	102,4	30,9	151,8
	Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 2 (ef við á)	tCO ₂ íg	3,8	7,3	11,1
	Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 3 (ef við á)	tCO ₂ íg	50,2	1,7	52,6
E2	Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda				
	Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð	tCO ₂ íg	1,74	0,44	1,02
	Heildarlosun lofttegunda annarra en gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð	tCO ₂ íg	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
E3	Orkunotkun				
	Heildarmagn beinnar orkunotkunar		á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
	Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar	MWh	1.287	1.433	2.801
E4	Orkukræfni				
	Bein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærð	MWh	14,3	15,8	13,2
E5	Samsetning orku				
	Hlutfall endurnýjanlegrar orku		64%	92%	76%
	Hlutfall óendurnýjanlegrar orku		36%	8%	24%
E6	Vatnsnotkun				
	Heildarmagn af vatni sem er notað	m ³	11.788	14.078	25.866
	Heildarmagn af vatni sem er endurheimt		**	**	**
E7	Umhverfisstarfsemi				
	Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu? Já/Nei		Já	Já	Já
	Fylgir fyrirtækið tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku og/eða endurvinnslu? Já/Nei		Já	Já	Já
	Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi? Já/Nei		Nei	Nei	Nei
E8	Loftlagseftirlit/stjórn				
	Hefur stjórn eftirlit með og/eða stjórnar loftlagstengdri áhættu? Já/Nei		Nei	Nei	Nei
E9	Loftlagseftirlit/stjórnendur				
	Hefur æðsta stjórnunarteymi eftirlit með og/eða stjórnar loftlagstengdri áhættu? Já/Nei		Nei	Nei	Nei
S10	Mildun loftlagsáhættu				
	Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftlagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun		**	**	**

1 CO2 uppgjör er fengið af vef

2 Fjöldi flugferða var gefinn upp hjá viðkomandi flugfélagi og úr bókhaldi.

3 Eldsneytislitrar úr viðskiptamannabókhaldskerfi N1

4 Upplýsingar um sorplosun eru fengnar frá viðkomandi losunaraðila

5 Orku- og vatnsnotkun frá viðkomandi veitum

** Ekki tekið saman.



Samfélagsleg ábyrgð okkar allra

Áhersla á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð Ósa og dótturfélaganna hefur vaxið jafnt og þétt og því gleður það okkur mjög að birta sameiginlega samfélagsskýrslu sem tekur til allrar samstæðunnar. Skýrslan gefur góða mynd af starfseminni og því mikilvæga hlutverki sem félögin gegna í samfélagslegu tilliti.

Samfélagsábyrgð

Ósar hafa sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð og sjálfbæra þróun sem tekur til félagsins í heild. Stefnan byggir á fjórum meginstoðum sem móta áherslur og þau markmið og lykilverkefni sem unnið er að hverju sinni en sérstök áhersla er lögð á að fylgja fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Markmið okkar er að hafa áhrif á heilsu fólks og auka lífsgæði



Markmið okkar er að kynjabundinn launamunur sé undir 2%

Markmið okkar er að tryggja góð störf og rekstaröryggi með heilbrigðum rekstri



Markmið okkar er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif í allri virðiskeðjunni

Stefna um samfélagslega ábyrgð

Tilgangur

Að tryggja að stefna um samfélagslega ábyrgð og árangursmat hennar sé hluti af stefnumótun Ósa og dótturfélaganna Icepharma hf. og Parlogis (sameiginlega nefnd "samstæðan"). Stefnan er viðleitni til að stuðla að aukinni velferð samfélagsins í gegnum daglegan rekstur og langtímaáætlun um hvernig samstæðan getur lagt sitt lóð á vogarskálarnar til betra og heilbrigðara samfélags og umhverfis, samhliða heilbrigðum og arðbærum rekstri.

Gildissvið

Stefnan nær til samstæðunnar og skal vera leiðbeinandi fyrir félögin sem mynda hana, stjórnendur og starfsmenn

Ábyrgð

Stjórn Ósa og dótturfélaga er meðvituð um samfélagslega ábyrgð samstæðunnar og auknar kröfur um sjálfbærni og felur forstjóra samstæðunnar að stýra þeirri vegferð. Lögfræðingur samstæðunnar ber ábyrgð á málaflokknum, árlegri útgáfu samfélagsskýrslu og samfélagsuppgjöri í samstarfi við fjármálastjóra.

Stefnuyfirlýsing

- Samfélagsleg ábyrgð er samofin tilgangi og markmiðum starfseminnar og skal vera hluti af grunnrekstri samstæðunnar.
- Við mat á árangri skal horft til þeirra áhrifa sem félögin hafa á samfélag sitt, umhverfi, auk arðsemi.
- Stefnan byggir á fjórum meginstoðum sem tengjast innbyrðis og endurspeglja heilsutengdan tilgang, markmið og áherslur í starfseminni. Stefnumörkun, markmiðasetning og lykilverkefni mótast af meginstoðum stefnunnar.
- Til stuðning stefnunnar er einnig litið til heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- Við gerum okkur grein fyrir því að samfélagsleg ábyrgð er stöðug vegferð og því setjum við okkur metnaðarfull en jafnframt raunhæf markmið sem kynnt eru fyrir hagsmunaaðilum.
- Með samstilltri nálgun, stöðugum umbótum, árangursmælingum og fræðslu munum við vinna að settum markmiðum og ná árangri.
- Við gefum árlega út samfélagsskýrslu sem nær yfir alla starfsemi samstæðunnar og byggir á rekstrarárinu á undan.
- Við birtum árlega samfélagsuppgjör samstæðunnar þar sem stuðst er við UFS viðmið og leiðbeiningar Nasdaq. Uppgjörið sýnir niðurstöður þriggja meginþátta UFS sjálfbærnimælikvarðans á gagnsæjan og samanburðarhæfan hátt. Niðurstöður uppgjörins eru teknar saman fyrir hvert félag innan samstæðunnar.
- Stefna um samfélagslega ábyrgð, samfélagsskýrsla og samfélagsuppgjör er aðgengilegt öllum á vefsíðu Ósa og dótturfélaga.



Umhverfisþættir hafa áhrif á heilsu fólks

Meginmarkmið starfsemi Ósa og dótturfélaga er að auka lífsgæði einstaklinga og stuðla að bættri heilsu og vellíðan landsmanna. Það gerum við með öflugum framboði lyfja, lækningatækja og heilsueflandi vara og að sinna víðtækri vörustjórnunar- og dreifingarþjónustu fyrir heilbrigðisgeirann. Umhverfisþættir geta haft á áhrif á heilsu fólks og því leggjum við einnig ríka áherslu á að lágmarka umhverfisáhrif þegar kemur að starfsemi samstæðunnar í allri okkar virðiskeðju.

Kröfur um umhverfisvitund í virðiskeðjunni

Icepharma og Parlogis gegna lykilhlutverki í að tryggja landsmönnum aðgang að lyfjum og heilbrigðisvörum, með dreifingu um allt land til stofnana, apóteka og fagaðila.

Stærstur hluti samstarfsaðila eru alþjóðlegir framleiðendur sem fylgja ströngum umhverfiskröfum og eru oft með vottað umhverfisstjórnunarkerfi, s.s. ISO 14001. Þeir leggja áherslu á ábyrga vöruþróun, sjálfbæra starfsemi og val á samstarfsaðilum með umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Til að tryggja keðjuábyrgð fara framleiðendur og birgjar reglulega yfir starfsemi Icepharma og Parlogis og krefjast þess að félögin geri sambærilegar kröfur til sinna samstarfsaðila.

Ósar og dótturfélög hafa sett skýrar siðareglur um umhverfismál og áskilja sér rétt til úttekta á samstarfsaðilum til að tryggja gæði og ábyrgð í virðiskeðjunni.

Lágmörkun umhverfisáhrifa við vörustýringu og vörudreifingu

Flutningur lyfja og lækningatækja fer einungis fram með samþykktum flutningsaðilum. Parlogis aðstoðar framleiðendur við val á flutningsleiðum, bæði erlendis og innanlands, með áherslu á að draga úr kolefnislosun í samræmi við stefnu framleiðenda.

Þegar Icepharma eða Parlogis bera ábyrgð á flutningum er lögð áhersla á skilvirkni og lágmörkun á eldsneytisnotkun. Parlogis er í samstarfi við Jónar Transport, sem sérhæfir sig í flutningi viðkvæmra vara með bílum sem uppfylla öll öryggis- og umhverfisskilyrði. Bílstjórar eru með ADR réttindi og GDP vottun. Jónar Transport er í eigu Samskipa sem starfa samkvæmt viðurkenndri umhverfisstefnu.

Umhverfisstefna Ósa og dótturfélaga

Ósar og dótturfélögin hafa sett sér sameiginlega umhverfisstefnu. Innihald hennar, markmiðasetning og árangursmat eru hluti af heildarstefnu Ósa og dótturfélaga. Umhverfisstefnan nær til samstæðunnar í heild og skal vera leiðbeinandi fyrir félögin, stjórnendur og starfsfólk. Umhverfisstefnan nær til þess hvernig Ósar og dótturfélögin, saman og hvert fyrir sig, geta lagt sín lóð á vogarskálarnar til betra og heilbrigðara samfélags og umhverfis, samhliða að tryggja heilbrigðan rekstur.

Tilgangur

Að tryggja að umhverfisstefna og árangursmat hennar sé hluti af stefnumótun Ósa og dótturfélaganna, Icepharma hf. og Parlogis ehf. (sameiginlega nefnd "samstæðan"). Stefnan er viðleitni til að stuðla að því hvernig Ósar og dótturfélögin, saman og hvert fyrir sig, geta lagt sitt lóð á vogaskálarnar til betra og heilbrigðara samfélags og umhverfis, samhliða heilbrigðum og arðbærum rekstri.

Gildissvið

Stefnan nær til samstæðunnar og skal vera leiðbeinandi fyrir félögin sem mynda hana, stjórnendur og starfsfólk.

Ábyrgð

Stjórn Ósa og dótturfélaga er meðvituð um samfélagslega ábyrgð samstæðunnar og auknar kröfur þegar kemur að umhverfismálum. Stjórnendum og starfsmönnum ber að láta sig málaflokkinn varða og vinna markvisst að framfylgd stefnunnar innan samstæðunnar.

Stefnuyfirlýsing

- Við vitum að umhverfislegir þættir geta haft bein áhrif á heilsu fólks. Þess vegna skoðum við allar stoðir sjálfbærrar þróunar í samhengi þannig að leitast megi við að hámarka efnahagslega og félagslega velferð og vellíðan án þess að skaða umhverfið.
- Við vinnum að því í sameiningu að kortleggja umhverfisáhrif starfseminnar, lágmarka þau og skapa þannig öruggan rekstur án neikvæðra áhrifa á umhverfið.
- Við leggjum áherslu á að lágmarka eftir bestu getu umhverfisáhrif í allri virðiskeðju samstæðunnar.
- Við vinnum stutt og stöðugt að því að ná utan um kolefnisspor starfseminnar, lækka það sem mest og kolefnisjafna það sem eftir stendur.
- Hvert félag innan samstæðunnar setur sér árlega markmið í umhverfismálum.
- Við upplýsum starfsmenn samstæðunnar um mælingar, markmið og árangur í umhverfismálum og birtum opinberlega í samfélagsskýrslu samstæðunnar.
- Með reglulegri fræðslu um umhverfismál og vitundavakningu viljum við stuðla að aukinni þekkingu innan samstæðunnar þannig að starfsmenn hugi að umhverfisþáttum í daglegum störfum sínum.



Gæði og örugg dreifing

Parlogis hefur ríku hlutverki að gegna gagnvart þeim sem glíma við veikindi. Fyrirtækið sinnir því mikilvæga verkefni að útvega heilbrigðisstofnunum lífsnauðsynleg lyf og lækningatæki og koma þeim á öruggan og ábyrgan hátt í hendur heilbrigðisstarfsmanna, apóteka og í sumum tilfellum beint til sjúklinga. Þessu hlutverki fylgir mikil ábyrgð enda geta lyf og lækningatæki verið viðkvæm vara sem þarfnast sérstakrar meðhöndlunar við flutning og geymsluskilyrði þannig að gæði og virkni þeirra sé tryggð.

Parlogis ber ábyrgð
á aðfangakeðju um
það bil

35%

lyfjamarkaðarins
á Íslandi

700

Pantanir afgreiddar
daglegaúr vöruhúsi
Parlogis

250.000

Fjöldi pantana afgreiddar
hjá Parlogis 2025

Áreiðanleiki pantana er yfir

99,9%

Vöruhús Parlogis

Parlogis rekur tvö vöruhús þar sem annað er sérhannað fyrir lyf og heilbrigðisvörur. Lyfja- og heilbrigðisvöruhús Parlogis er um 3000 fm. að stærð. Starfsemi Parlogis er vottuð samkvæmt ISO 9001 staðlinum og í vöruhúsunum er unnið samkvæmt ströngum gæðastöðlum og skjalfestum verkferlum. Að auki er unnið í samræmi við kröfur GMP (Good Manufacturing Practice) og GDP (Good Distribution Practice) sem styðja við skilvirka og umhverfisvæna starfsemi. Unnið er að því stöðugt að draga úr orkunotkun í vöruhúsunum, notast við fjölnota ílát og fylgja í hvívetna góðum starfsvenjum í úrgangsstjórnun og endurvinnslu til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi. Um það bil 99% af úrgangi Parlogis er endurnýttur í hringrásarkerfið eða til orkunýtingar.

Skilvirkar flutningsleiðir sem draga úr orkunotkun

Daglega eru afgreiddar yfir 700 pantanir úr vöruhúsum Parlogis. Dreifing vara úr vöruhúsum Parlogis á höfuðborgarsvæðinu fer í gegnum verktaka sem eru sérstaklega ráðnir til verksins. Flutningsleiðir eru valdar með það að leiðarljósi að hámarka skilvirkni og draga úr orkunotkun. Allir bílar eru hitastýrðir og mikil áhersla er lögð á árlega þjálfun í öllum verkferlum. Starfsaldur bílstjóra er almennt hár, sem tryggir að um sé að ræða vel þjálfaða og reynda ökumenn.

Íslandspóstur sér um flutning vara frá Parlogis á landsbyggðina og starfa eftir umhverfis- og loftlagsstefnu og er með aðgerðaáætlun henni til stuðnings.

Góður árangur í flokkun og endurvinnslu

Flokkun hefur verið í forgangi hjá samstæðunni undanfarin ár. Fyrir árið 2025 settum við okkur markmið um að bæta flokkun matarleifa hjá Brasserie Ósum og því markmiði hefur verið náð. Flokkun og endurvinnsla hjá Parlogis er einnig stór liður í kolefnisbókhalda samstæðunnar. Frá árinu 2020 höfum við farið úr því að vera með 22% óflokkaðan grófan úrgang niður í 0% og 0% brennslu án orkunýtingar. Árið 2025 erum við komin niður fyrir 1% í urðun.

“Undanfarin misseri höfum við hjá Ósum einblínt á að bæta umhverfisvitund og úrgangsflokkun, sérstaklega í vöruhúsum og mötuneyti.

Verkefnið byggðist á tveimur markmiðum: að skapa menningu þar sem allir flokka rétt, og að tryggja réttan búnað og gáma á réttum stöðum.

Í samstarfi við sveitarfélög fengum við fræðslu um flokkun og tókum meðvitaða ákvörðun um að hætta með blandaðan úrgang. Í staðinn settum við upp skýrt verklag með reglulegri losun til að gera flokkun auðveldari og sjálfsagða fyrir starfsfólk.”

Magnús Sólbjörnsson, aðstoðarrekstrarstjóri á rekstrarsviði Parlogis.



Flokkun úrgangs	Parlogis	Icepharma	Samstæða	Hlutfall
Bylgjupappi, endurvinnsla	25.400	8.859	34.259	58,22%
Blandaður úrgangur, brennsla	4.740	6.089	10.829	18,40%
Matarleifar, endurvinnsla		5.586	5.586	9,49%
Blandaðar plasumbúðir, endurvinnsla	4.040	1.344	5.384	9,15%
Blandaður pappír og pappi, endurvinnsla	520	542	1.062	1,80%
Lítill raftæki, endurvinnsla		625	625	1,06%
Olíusori, brennsla	335		335	0,57%
Urðanleg efni, urðað	313	18	331	0,56%
Ólokkaðar rafhlöður, endurvinnsla	134	55	189	0,32%
Stór raftæki, endurvinnsla		173	173	0,29%
Matarolía endurvinnanleg, endurvinnsla	66		66	0,11%
Brotamálmar, endurvinnsla		5	5	0,01%
Ljósaperur, endurvinnsla		2	2	0,00%
Prentylki duft, brennsla		1	1	0,00%
Óflokkaður grófur úrgangur, brennsla	0	0	0	0,00%
Samtals 2025	35.548	23.299	58.847	



Vægi umhverfisþátta við val á birgjum og samstarfsaðilum

Sífelld eru gerðar auknar kröfur til Icepharma og Parlogis þegar kemur að umhverfisþáttum og við viljum gera jafn ríkar kröfur til þeirra aðila sem við veljum að eiga í samstarfi við. Samstarfsaðilar okkar skulu starfa samkvæmt viðeigandi lögum og reglum þegar kemur að umhverfismálum og afar mikilvægt er að samstarfsaðilar okkar þekki umhverfisáhrif starfsemi sinnar og vinni að því með markvissum hætti að draga úr neikvæðum áhrifum hennar á umhverfið.

Þrátt fyrir að vottanir séu ekki fullkomnar má leiða að því líkur að vörur eða þjónusta sem hafa slíka vottun séu ólíklegri en ella að hafa neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Icepharma vinnur stöðugt að því að auka hlutfall af vörum sem hafa vottun um lífræna eða sjálfbæra framleiðslu.

Áframhaldandi kortlagning á umhverfisþáttum

Kortlagning umhverfisþátta í starfsemi Ósa er í stöðugri þróun. Niðurstöðurnar eru skráðar í sérstakt kolefnisbókhald þar sem stuðst er við losunarstaðla frá Umhverfisstofnun fyrir alla þætti nema fyrir hitaveitu og flugsamgöngur. Fyrir hitaveitu er notast við upplýsingar frá Veitum og fyrir flugferðir er notast við reiknivél frá ICAO sem reiknar kolefnislosun flugferða. Með því að skrá áhrif rekstursins á umhverfið getum við séð árangur af þeim aðgerðum sem stuðla að því að lágmarka umhverfisáhrif en einnig óeðlileg frávik sem gerir okkur kleift að bregðast við á ábyrgan hátt. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á aukna upplýsingaöflun fyrir fleiri losunarþætti undir umfangi 3 og sú vinna heldur áfram næstu ár.



Niðurstöður útreiknings á kolefnisspori Ósa fyrir árið 2025

Umfang	Vinnu- bílar	Kæli- miðlar	Rafmagn	Hiti	Úrgangur	Flugferðir	Ferðir starfsmanna til og frá vinnu	Bílaleigu- bílar	Samtals tCO ₂ i g/ári
Umfang 1	149,2	1,3							150,5
Umfang 2			5,8	5,3					11,1
Umfang 3					1,4	51,3	0,0	0,0	52,6
Samtals									214,2

Umfang 1:

Bein áhrif. Losun frá starfsemi

Um er að ræða þá losun sem verður til í rekstri samstæðunnar, s.s. vegna eldsneytisbruna farartækja eða gasleka af kælikerfum.

Umfang 2:


Óbein losun vegna aðkeyptrar orku

Hér er um að ræða losun sem verður til við framleiðslu á því rafmagn og heita vatni sem notað er í starfsemi Ósa og dótturfélaga.

Umfang 3:

Óbein losun í virðiskeðju samstæðunnar

Svo sem úrgangur og endurvinnsla, innanlands- og millilandaflug, ferðir starfsmanna til og frá vinnu og annað sem fellur til vegna starfseminnar.





Stjórnarhættir

Heilbrigðir stjórnarhættir og heilsutengdar áherslur

Stjórn Ósa og dótturfélaga gerir sér grein fyrir auknum kröfum sem gerðar eru til fyrirtækja á sviði ábyrgðar gagnvart samfélaginu. Stjórnin leggur því áherslu á heilbrigða stjórnarhætti og að þróa þá stöðugt og styrkja enda leggja þeir grunninn að ábyrgri stjórnun, vandaðri ákvarðanatöku og traustum samskiptum.

Stjórnarhættir samstæðunnar kveða á um hvernig innra skipulag stuðlar að virkri og heilbrigðri stjórnun með markmið samstæðunnar að leiðarljósi. Við viljum hafa áhrif á samfélagið, þ.m.t. starfsmenn samstæðunnar, og stuðla að því að einstaklingar geti viðhaldið heilsu og vellíðan og bætt lífsgæði sín til framtíðar. Stjórnarhættir samstæðunnar taka mið af þessum markmiðum og endurspeglast í heilsutengdum áherslum þegar kemur að stefnumótun, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og menningu jafnt í ytra sem og innra starfi.

Heildstæð áhættustjórnun og virkt gæðaeftirlit

Starfsemi Ósa er á ýmsa vegu háð ytri aðstæðum og má þar nefna þann veigamikla áhrifaþátt að stór hluti hennar liggur innan skilgreinds ramma heilbrigðiskerfisins. Starfsemin er þannig vörðuð lögum, reglugerðum og opinberu eftirliti sem kallar á vönduð vinnubrögð í hvívetna. Heilbrigðir stjórnarhættir fela í sér áhættustýringu og eftirlit. Því er lögð rík áhersla á heildstæða áhættustjórnun og virkt gæðaeftirlit sem hluta af daglegum rekstri.

„Við hjá Ósum leggjum áherslu á heildstæða áhættustjórnun með það að markmiði að milda áhættur starfseminnar og að áhættutaka sé í samræmi við áhættustefnuna og skilgreindan áhættuvilja.“

Ósar eru með áhættustefnu sem byggir á hugmyndafræði sem tekur mið af ISO 31000 staðlinum. Stefnan stuðlar að samræmdum vinnubrögðum hjá Ósum og dótturfélögum og miðar að því að tilgreina, meta, mæla og stýra áhættum starfseminnar. Meginmarkmiðið er að áhætta umfam viðmið sé meðhöndluð, aðgerðir til mildunar hljóti viðeigandi forgang og að allir aðilar þekki sín hlutverk, boðleiðir og mikilvægi áhættustýringar.

Starfsemi Ósa og dótturfélaga felur í sér ýmsar áhættur sem krefjast sérfræðipækkingar og innsýnar frá ólíkum starfsmönnum. Þekking og reynsla starfsfólksins okkar skiptir lykilmáli í árangursríkri áhættustýringu.”

Birta Ólafsdóttir, forstöðumaður áhættustýringar hjá ÓsumParlogis.



Við veljum samstarfsaðila sem samræmast gildum okkar

Breytt landslag gerir nú ríkari kröfur á mörgum sviðum til fyrirtækja að hafa samfélagslega góð áhrif í gegnum aðfangakeðju sína. Við hjá Ósum viljum sýna ábyrgð í verki og höfum sett okkur stefnu um val á samstarfsaðilum sem starfa eftir sömu gildum og samstæðan. Stefnunni til stuðnings höfum við útbúið siðareglur fyrir samstarfsaðila okkar og sett lágmarksviðmið um þær öryggiskröfur sem aðilar sem þjónusta samstæðuna um rekstur á upplýsingakerfum þurfa að uppfylla. Með þessu er ætlun okkar að gefa góða mynd af því til hvers við ætlumst af okkar samstarfsaðilum.

Með því að gera skýrar kröfur til okkar sjálfra sem og til samstarfsaðila okkar viljum við hafa jákvæð áhrif á aðfangakeðjuna og stuðla þannig enn frekar að samfélagslegri ábyrgð okkar í því samhengi.



Siðareglur samstarfsaðila

Tilgangur

Við viljum vanda til verka og leggja okkar af mörkum til samfélagslegrar ábyrgðar og sjálfbærrar þróunar. Stefnur okkar og starfshættir eru í samræmi við grundvallarviðmið sem snúa að mannréttindum, vinnumarkaði, umhverfi og aðgerðum gegn spillingu og við leitumst við að eiga í viðskiptum við samstarfsaðila sem deila þessari sýn okkar.

Ósar og dótturfélögin hafa sett sér siða- og samskiptareglur fyrir eigin félög sem og fyrir samstarfsaðila, s.s. birgja og þjónustuaðila, sem eiga sér m.a. stoð í stefnu samstæðunnar um samfélagslega ábyrgð. Með samstarfsaðila er átt við fyrirtæki og einstaklinga sem sér samstæðunni eða félögum innan samstæðunnar fyrir vörum og þjónustu.

Með því að gera skýrar kröfur til okkar sjálfra sem og til samstarfsaðila okkar viljum við hafa jákvæð áhrif á aðfangakeðjuna og stuðla þannig enn frekar að samfélagslegri ábyrgð. Siðareglum þessum er ætlað að gefa góða mynd af því til hvers við ætlumst af okkar samstarfsaðilum varðandi stjórnarhætti, félagslega þætti og umhverfismál.

Ábyrgð og gildissvið

Forstjóri Ósa, samþykkir reglurnar en forsjáraðili þeirra er lögfræðingur Ósa. Reglurnar gilda fyrir öll félögin innan Ósa samstæðunnar og alla samstarfsaðila, s.s. birgja, þjónustuaðila og aðrir sem sjá samstæðunni fyrir vörum og þjónustu. Séu strangari kröfur gerðar, t.d. í útboðs- eða öðrum innkaupagögnum eða samningum við birgja og aðra viðskiptavini, ganga þær framur þessum almennu reglum. Ósa og dótturfélög þess, Icepharma og Parlogis, áskilja sér rétt til að framkvæma mat á samstarfsaðilum með hliðsjón af þessum siðareglum.

Kröfur til samstarfsaðila

Ósar gerir þá kröfu að samstarfsaðilar fylgi ávallt lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra. Auk þess gerir Ósar eftirfarandi kröfur eftir UFS flokkun:

Stjórnarhættir

Lögð er áhersla á að samstarfsaðilar:

- Stundi eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og viðhafi gott siðferði í viðskiptum sínum.
- Eigi ekki í viðskiptum við ríki eða aðila sem er á listum yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir.
- Vinni gegn hvers kyns spillingu og mútum.
- Virði þagnar- og trúnaðarskyldu um hvaðeina sem hann og starfsfólk hans kann að verða áskynja í störfum sínum fyrir Ósa og dótturfélögin og um atriði er það fær vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum,
- fyrirmælum í samningum eða eðli máls. Samstarfsaðili skal halda trúnaði eftir að samningssambandi lýkur.
- Gerir viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir m.t.t. áhættu til að tryggja öryggi upplýsinga og koma í veg fyrir að óviðeigandi aðilar fái aðgang að upplýsingum.

Félagslegir þættir

Lögð er áhersla á að samstarfsaðili:

- Virði alþjóðlega viðurkennd mannréttindi og hafni með öllu mannréttindabrotum.
- Virði félagafrelsi og kjarasamningsbundin réttindi starfsfólks á hverjum tíma.
- Skapi starfsumhverfi sem stuðlar að jafnrétti og umburðarlyndi þar sem einelti, ofbeldi, áreitni eða mismunun er ekki liðin af neinu tagi.
- Hlúi vel að starfsfólki sínu, tryggja öryggi þess og velferð og stuðla að heilsusamlegu starfsumhverfi.

Umhverfismál

Lögð er áhersla á að samstarfsaðili:

- Þekki umhverfisáhrif af eigin rekstri og vinna að því með markvissum hætti að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í starfsemi sinni.
- Afhendi sorp til endurvinnslustöðva sem flokkað er eftir viðeigandi viðmiðum og reglum hverju sinni.

Veiti Ósa upplýsingar, sé þess óskað, um þau umhverfisáhrif sem af starfsmeinni hlýst og tengjast þeirri þjónustu sem samstarfsaðili veitir.

Til að tryggja keðjuábyrgð leggur Ósar áherslu á að samstarfsaðilar geri sambærilegar kröfur til sinna birgja, undirverktaka og undirvinnsluaðila varðandi umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti og fram koma í þessum siðareglum.



Fjárfest í mannauði

Hjá Ósum starfar öflugur hópur fólks með fjölbreyttan bakgrunn, margvíslega menntun og víðtæka reynslu og þekkingu af ýmsum sviðum samfélagsins. Mannauðurinn er okkar allra dýrmætasta auðlind og við ræktum hann með ýmsum leiðum, jafnt faglegu sem persónulegu hliðarnar.

Stjórnarhættir samstæðunnar miða að því að skapa tækifæri og svigrúm fyrir starfsfólk til að vaxa og dafna í lífi og starfi og því er lögð áhersla á að bjóða margvíslega fræðslu og þjálfun sem hentar fjölbreyttum hópi starfsfólks.

Samstæðan fylgir jafnlaunastefnu og aðgerðaráætlun í jafnréttismálum sem leggur áherslu á jafnan rétt og jafna stöðu starfsfólks



Heilbrigður jarðvegur fyrir heilsubætandi starfsemi

Heilsa er grunnstoð allrar starfsemi Ósa. Við hlúum að heilsu starfsfólks með fjölbreyttum hætti, á sama tíma og starfsfólkið leggur sitt af mörkum daglega til að bæta heilsu og lífsgæði landsmanna.

Dótturfélög samstæðunnar sinna fjölbreyttum geirum heilsu – allt frá lyfjum, hjúkrunarvörum og frjósemisþjónustu til vítamína, tannbursta og hlaupaskóa.

Með þessari breidd í vöru- og þjónustuframboði, ásamt ástríðu og sérþekkingu starfsfólks, gegnum við lykilhlutverki í að efla heilsu á ólíkum sviðum samfélagsins.

